

Alþingi

Erindi nr. P 139/2291

komudagur 6.5.2011

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. maí 2011

0809605SA GB  
Málalykill: 360

### Efni: Umsögn um frv. til safnalaga, 650. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

#### Almennt um frumvarpið

Sú lagaumgjörð sem lögð er til í frumvarpinu er á margan hátt vönduð og metnaðarfull og sér sambandið ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við margar greinar frumvarpsins. Sambandið telur þó nauðsynlegt að setja þann almenna fyrirvara við frumvarpið að safnastarfsemi hér á landi er misjafnlega á vegi stödd.

Víða hefur verið lögð áhersla á að koma á fót safnvísunum og setrum til þess að laða að ferðamenn og hefur slík starfsemi almennt notið mikils velvilja og allnokkurs opinbers fjárstuðnings, bæði frá sveitarstjórnunum og Alþingi. Starfsemi af þessum toga er gjarnan ætlað að kynna sögu og menningu viðkomandi héraðs en mun líklega í fæstum tilvikum uppfylla skilyrði til þess að kallast viðurkennd söfn skv. 10. gr. frumvarpsins. Því er töluverð hættu á að hagur hennar muni í mörgum tilvikum versna vegna skertra möguleika á styrkjum úr ríkissjóði, verði frumvarp þetta að lögum.

Að áliti sambandsins yrði þetta mjög neikvæð þróun enda hefur safnastarfsemi af þessum toga skapað fjölmörg störf víða um land og skotið sterkari stöðum undir ferðaþjónustu. Safnastarfsemi hefur þannig mikilvægu hlutverki að gegna ef ætlunin er að vinna að því að dreifa straumi ferðamanna sem víðast um landið.

#### Athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins

Sambandið telur einkum þörf á því að skýra betur ákvæði 10. gr. frumvarpsins sem fjallar um skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla til þess að fá viðurkenningu. Slík viðurkenning skiptir verulegu máli varðandi rétt til þess að fá stofnstyrki úr ríkissjóði skv. 11. gr og rekstrarstyrki úr Safnasjóði skv. 22. gr.

Að áliti sambandsins er nokkur hættu á því að skilmálar sem safnaráð setur skv. 4. tl. 10. gr. um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi geti orðið svo ströng að erfitt muni reynast að uppfylla þau án verulegra útgjalda fyrir viðkomandi söfn. Þessi skilyrði geta jafnframt leitt til þess að hlutaðeigandi söfn setji þrýsting á sveitarfélög á þeirra starfssvæði um fjárútlát til að gera söfnunum kleift að uppfylla skilyrðin.



Að lágmarki er nauðsynlegt, m.a. í ljósi efnahagsástands og erfiðs rekstrarumhverfis sveitarfélaga að veita langan aðlögunartíma að þeim kröfum sem settar kunna að verða. Í því sambandi er það álit sambandsins að það eina ár sem veitt er til aðlögunar í ákvæði til bráðabirgða sé alltof stuttur tími.


Sambandið telur einnig nauðsynlegt að gera fyrirvara við 5. tl. 10. gr. þar sem segir að safn skuli veita skólanemendum sem heimsækja safnið vegna náms aðgang án gjaldtöku. Fram kemur í skýringum við greinina að ríkissöfn og söfn sem rekin eru af fjölmennustu sveitarfélögunum taki nú þegar á móti nemendum án gjaldtöku þegar um námsferðir er að ræða. Vel má vera að slíkt fyrirkomulag sé eðlilegt ef safn nýtur opinberra styrkja en orðalag ákvæðisins er hins vegar afar opið og kemur t.d. hvergi fram skilgreining á því hvort það nái til allra skólastiga, hvort skilyrðið gildi jafnt um innlenda og erlenda skólanemendur eða hvort það nái bæði til skipulagðra ferða á skólatíma og heimsóknna nemenda á eigin vegum, svo dæmi séu tekin.

#### **Athugasemd við 19. gr.**

Sambandið leggur til þá breytingu á 1. mgr. 19. gr. að á eftir orðunum „Söfnum í eigu ríkisins..“ komi: og sveitarfélaga. Sama þörf er fyrir skýra gjaldtökuheimild hvort sem um er að ræða starfsemi í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri